

Tuttugasti og fyrsti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 17. desember 2015 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hefst kl: 17:15

Mættir: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Maríanna Hugrún Helgadóttir, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Árni Davíðsson og Þorsteinn Narfason sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Jubi ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri verslunar með forpökkuð matvæli að Eiðistorgi 13 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 25. nóvember 2015.
„Staðfest“.
- b. R Helgason ehf. sækir um starfsleyfi fyrir innflutningi og heildverslun með súkkulaði að Kvíslartungu 64 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 10. desember 2015.
„Staðfest“.
- c. HR2015 ehf. sækir um starfsleyfi vegna eigendaskipta fyrir rekstri Hvíta riddarans skemmtistaðar með matsölu að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 9. desember 2015.
„Staðfest“.
- d. Hárdís ehf. sækir um starfsleyfi fyrir rekstri hárgreiðslustofu að Hlaðhömrum 2 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 25. nóvember 2015.
„Staðfest“.
- e. Guðmundur Sverrisson sækir um starfsleyfi fyrir meindýraeyðingu og garðauðun. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 2. desember 2015.
„Staðfest“.
- f. Ístak hf. sækir um breytingu á starfsleyfi fyrir starfsmannabúðum fyrir 66 starfsmenn að Bugðufhljóti 21 í Mosfellsbæ, gildandi leyfi er fyrir 22 starfsmenn.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsmannabúðir.“.
- g. Lundur farm ehf. sækir um starfsleyfi til að starfrækja gistingu í tveimur sumarhúsum að Lundi í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 26. nóvember 2015.
„Staðfest“.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- h. Bifreiðaverkstæði Össa ehf. sækir um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Völuteigi 27 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi starfsleyfið þann 10. desember 2015 með almennum starfsleyfisskilyrðum sbr. auglýsingu nr. 582/2000.
„*Staðfest*“.
- i. Hópfærðabílar Akureyrar sækja um starfsleyfi fyrir viðhald eigin tækja að Völuteigi 21 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi starfsleyfið þann 10. desember 2015 með almennum starfsleyfisskilyrðum sbr. auglýsingu nr. 582/2000.
„*Staðfest*“.
- j. Hópfærðir GP ehf. sækir um starfsleyfi fyrir viðhald eigin tækja að Völuteigi 21 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi starfsleyfið þann 10. desember 2015 með almennum starfsleyfisskilyrðum sbr. auglýsingu nr. 582/2000.
„*Staðfest*“.
- k. Fagverk verktakar ehf sækja um starfsleyfi fyrir verktakaaðstöðu að Flugumýri 26 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi starfsleyfið þann 10. desember 2015 með almennum starfsleyfisskilyrðum sbr. auglýsingu nr. 582/2000.
„*Staðfest*“.
- l. Eðalflísar ehf. sækja um starfsleyfi fyrir Steypueiningastöð að Reykjalandi í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi starfsleyfið þann 10. desember 2015 með almennum starfsleyfisskilyrðum sbr. auglýsingu nr. 582/2000.
„*Staðfest*“.

Umsóknir um tímabundin starfsleyfi

- a. Brotafl ehf sækir um starfsleyfi fyrir niðurrifi á fasteigninni Sefgöörðum 3 og 3a á Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið samþykkti leyfið þann 10. nóvember með gildistíma til 19. desember 2015. Leyfið er gefið með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.
„*Staðfest*“.
- b. Gísli Hermannsson fh. Seltjarnarnesbæjar sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir áramótabrennu á Valhúsahæð á Seltjarnarnesi.
„*Samþykkt*“.
- c. Ásgeir Sveinsson fh. handknattleiksdeildar UMFA sækir um áramótabrennu neðan Holtahverfis.
„*Samþykkt*“.
- d. Bjarni Ásgeirsson sækir um starfsleyfi fyrir þrettándabrennu neðan Holtahverfis við Leirvog.
„*Samþykkt*“.

Umsagnir fyrir veitinga og gististaði

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 23. júlí 2015 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Lundur farm ehf., gistingu í flokki II, tegund sumarhús, að Lundi í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 31. júlí 2015. „*Staðfest*“.
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 28. október 2015 þar sem óskað var umsagnar um tækifærisleyfi fyrir Framhaldsskólann í Mosfellsbæ að halda skóladansleik 29. október 2015 í Hvíta riddaranum, að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 28. október 2015. „*Staðfest*“.
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 8. desember 2015 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir Hvíta riddaranum, skemmtistað í flokki III, rekstraraðili HR 2015 ehf, að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 9. desember 2015. „*Staðfest*“.

2. Samþykkt um hæsnahald í Seltjarnarnesbæ.

Lögð fram tillaga að ofangreindri samþykkt í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samþykkt að senda samþykktina til Seltjarnarnesbæjar til birtingar.

3. Önnur mál

- a. Ný gjaldskrá hefur tekið gildi: Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis nr. 1061/2015.
- b. Lögð fram skýrsla Náttúrustofu Kópavogs „Grunnrannsókn á lífríki Meðalfellsvatns árið 2014“ sem unnin var fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Kjósarhrepp og veiðifélag Kjósarhrepps. Fram kemur í inngangi að niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að Meðalfellsvatn er lífauðugt vatn og gildir þar einu hvort um er að ræða vatnagróður, smádyr eða fiska. Jafnframt leiða rannsóknirnar í ljós að vatnsgæði í Meðalfellsvatni virðast almennt í góðu lagi. Til að tryggja að svo verði til framtíðar þarf að gæta varúðar í umgengni við vatnið og vatnasvið þess.

Fundi slitið 18:32